

Markaðsstofa Vesturlands -áfangastaðastofa-

Samstarfssamningur –

Yfirlýsing um samstarfsaðild að Markaðsstofu Vesturlands

Markaðsstofa Vesturlands (MSV) vinnur að kynningu og markaðssetningu á Vesturlandi sem áfangastað í samstarfi við Íslandsstofu, Ferðamálastofu, aðrar Markaðsstofur, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra hagaðila á svæðinu.

Með samstarfsaðild að MSV tekur undirritaður þátt í sameiginlegu markaðs- og kynningarstarfi fyrir Vesturland sem byggir á samstarfi, upplýsingamiðlun og sameiginlegri sýn um að styrkja Vesturland sem nærandi áfangastað.

Í starfi MSV er lögð áhersla á ábyrga kynningu, sjálfbæra þróun ferðamála og að skapa ábata fyrir fyrirtæki, samfélög og gesti.

Nánari upplýsingar um starfsemi, verkefni og þjónustu MSV er að finna á heimasíðu Markaðsstofu Vesturlands, www.west.is.

Hlutverk samstarfsaðila

Samstarfsaðili skuldbindur sig til að:

- ✓ Veita réttar og uppfærðar upplýsingar um starfsemi sína.
- ✓ Taka þátt í upplýsingaflæði og samstarfi við MSV eftir bestu getu.
- ✓ Fylgjast með upplýsingum og erindum frá MSV og svara þeim þegar við á.
- ✓ Taka þátt í könnunum, samráði og annarri upplýsingasöfnun þegar óskað er eftir upplýsingum vegna verkefna og hagsmunagæslu ferðamála á Vesturlandi.
- ✓ Styðja við ábyrga kynningu og sjálfbæra þróun ferðamála á Vesturlandi.
- ✓ Leggja sitt af mörkum til markaðsstarfs MSV eftir því sem kostur er, t.d. með móttöku áhrifavalda og blaðamanna, þátttöku í ferðasýningum og öðru kynningarstarfi.

Ávinningur samstarfsaðila

Samstarfsaðili fær meðal annars:

- ✓ Sýnileika í gegnum sameiginlegt markaðs- og kynningarstarf fyrir áfangastaðinn Vesturland.
- ✓ Skráningu og kynningu á opinberum upplýsinga- og kynningarvefjum Vesturlands og tengingu við opinbera kynningarvefi Íslands fyrir innlenda og erlenda markhópa, þar á meðal Visit Iceland og Ferðalag.is.

Markaðsstofa Vesturlands -áfangastaðastofa-

Samstarfssamningur –

- ✓ Tækifæri til þátttöku í markaðs- og kynningarverkefnum á vegum MSV.
- ✓ Kynningu í gegnum þátttöku MSV í ferðasýningum, vinnustofum og öðrum kynningarviðburðum þar sem Vesturland og samstarfsaðilar svæðisins eru kynntir.
- ✓ Aðgang að upplýsingum um verkefni, viðburði, samstarfstækifæri og þróun ferðamála á Vesturlandi.
- ✓ Aðgang að tengslaneti, þekkingu og samstarfsvettvangi ferðaþjónustunnar á Vesturlandi.

Upplýsingar samstarfsaðila

Fyrirtæki: _____

Kennitala: _____

Tengiliður: _____

Netfang: _____

Sími: _____

Ég staðfesti með undirritun minni að ég hafi kynnt mér upplýsingar um starfsemi og samstarfsaðild MSV á heimasíðu Markaðsstofu Vesturlands og óska eftir samstarfi við MSV.

Dagsetning: _____

Undirskrift: _____